

115 sauðfje, er lengi og einkum árið sem leið hefir gengið í ýmsum hjerudum í suðurum-
 26. sept. dæminu á tjeðu Voru landi Íslandi, sje að fullu útrýmt, og að, ef nauðsynlegt yrði að
 gjöra frekari ráðstafanir frá hálfu valdstjórnarinnar gegn sýkinni, muni hagkvæmt, að þeim
 yrði alstaðar framfylgt með samskonar aðferð og jafnframt með meira fylgi, en hinir reglulegu
 lögreglustjórar munu fá við komið, sakir annara starfa þeirra; þá er það allrahæztur vilji
 Vor og boð, að þú búist til að takast þetta hlutverk á hendu, þannig að þjer veitist vald
 til að gegna fyrst um sinn á sjálfs þin ábyrgð öllum þeim störfum, bæði dómarastörfum,
 framkvæmdarstörfum og fógætastörfum, snertandi fjárkláðasýkina, bæði í þeim hjerudum
 suðurumdæmisins, er sýkinnar hefir vart orðið að undanfögnu og hvar annarstaðar á Ís-
 landi, er kláði kann að koma upp eptirleiðis, sem ella mundu liggja á lögreglustjórum
 þeim, er skipaðir eru í hlutaðeigandi hjeruð.

Með því verður Vor vilji. Felandi þig guði.

Ritað í hinum konunglega aðsetursstað Vorum.

Kaupmannahöfn, hinn 26. september 1876.

Eptir allramildustu boði Hans Hátignar konungsins.

J. Nellemann.

(L. S.)

F. Vestergaard.

Reglugjörð

um brunamál í Reykjavík.

1. gr.

Í brunamálanefndinni er lögreglustjóri bæjarins, fyrirlíði slökkviliðsins og 3 menn, er
 bæjarstjórnin kys til þess úr sínum flokki. Lögreglustjóri er formaðnr nefndarinnar. Hin-
 ir kosnu nefndarmenn fara frá 3. hvert ár að afloknum venjulegum bæjarfulltrúa kosning-
 um, og má þá endurkjósa. Fáir hinir kosnu menn forföll að gegna starfa sínum, kys bæj-
 arstjórnin aðra í þeirra stað, ef þurfa þykir.

2. gr.

Brunamálanefndin sjer um framkvæmd og eptirlit á öllu því, sem fyrir er skipað í
 lögum 15. október 1875, og sem nákvæmar er ákveðið í þessari reglugjörð, að því leyti
 sem slíkt ekki ber beinlínis undir lögreglustjóra bæjarins eða slökkviliðsstjóra.

3. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarstaðar á almanna færi eða milli húsa eða í
 gördum má eigi setja lausar eldstór eða hlóðir til þess að elda í, bræða lýsi eða tólgu, eða
 aðra eldnæma hluti, nema leyfi sje til þess veitt í hvert skipti fyrir sig af lögreglustjóra
 og slökkviliðsstjóra, og tiltaka þeir þá allar þær varúðarreglur, er við þarf, svo sem hvern-
 ig hlóðir sjeu hafðar, ef ekki er því lengra frá húsum, að ekki sje brennt öðru en kol-
 um eða «kokes», svo og að ávallt sjeu menn við eldinn. Milli húsa eða úti við má ekki
 bera eld nema í lokuðum járnkössum.

4. gr.

Um hreinsun á reykháfum skal að öllu leyti farið eptir því, sem mælt er fyrir í 5. gr.
 laga 15. október 1875 og reglum þeim, er um það eru settar af bæjarstjórninni.

5. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti og eldfima hluti má ekki hafa úti nálægt
 húsum, nema leyfi brunamálanefndarinnar sje til þess fengið. Sjerstaklega er bannað að

hlaða mó, heyji eða öðrum slíkum hlutum nálægt húsum, við götur eða annarstaðar þar sem umferð er. Hlaðar af bordum, trjám eða öðrum við mega eigi vera meira en 8 álnir á hæð og bordahlaðar eigi ná yfir meira en 100 □ álnir og trjáviðarhlaðar eigi meira en 200 □ álnir, en eigi minna en 3 álnir milli hlaða. Hlaðar þessir mega ekki vera nær neinu húsi en svo, að 10 álnir sjeu á milli, nema brunamálanefndin leyfi sjerstaklega, einkum þar sem um minni birgðir er að gjöra.

6. gr.

Þar sem geymt er meira en 5 tunnur (nál. 800 pottum) af steinolífu, terpentínu, kamfín og öðrum viðlíka eldfimnum efnum, má ekki fara með eld eða ljós, hvorki laust nje í lokudum ljósberum. Í þessum geymslustöðum má eigi vera eldstó, reykháfur eða annað þess konar. Á geymslustöðum, í sölubúðum eða í verksmiðjum, þar sem minna er fyrir en 800 pottar, verður mestu varúðar að gæta með ljós og eld, að hann komi eigi nálægt hinum eldfimu efnum. Við ljós má eigi taka úr tunnum og öðrum stórlátum eða láta í slík ilát, nema ljósið sje í vel þjettum ljósbera, er hengdur sje upp 2 ál. frá ilátinu að minnsta kosti. Sje ljósmetið svo eldfimt, að í því kvikni við 40° hita á hundraðshitamæli (centimeter) er bannað að fara með það á slíkum stöðum við ljós eða með eld. Þar sem geymd eru eða seld ljósmeti þau, sem nefnd eru í 8. gr. laganna, skal vandlega gæta alls hreinlætis. Ef eitthvað fer niður, á að þurka það upp undir eins, svo að ekkert verði eptir. Þar mega eigi vera neindir þeir hlutir, er fljótt kviknar í, svo sem pappír, hálmur, tuskur, hör, hampur eða annað því um líkt, nema það sje vandlega þakið með ullarábreiðum. Ekkert má að hafast á slíkum stöðum, nema fullorðnir menn sjeu við staddir. Sje enginn fullorðinn við, skal þeim vandlega lokað, svo að óviðkomandi menn komist þangað ekki.

7. gr.

Brunamálanefndin setur í hvert skipti fyrir sig þær reglur, er gæta skal með birgðir þar, sem nefndar eru í 10. gr. laga 15. okt. 1875.

8. gr.

Í smíðahúsum trjesmiða, stólasmíða, laggara og annara iðnaðarmanna, sem fást við trjesmiði, mega því að eins vera opnar eldstór, kamínur, ofnar og aðrar hitunarvjarlar, að járndyr sjeu fyrir hinum opnu eldstóm og kamínunum, og gólfþynnur fyrir framan, 18 þl. á breidd, úr eldtraustu efni, er nái 13½ þl. út fyrir ofninn, og fyrir framan hurðina á að hafa málmkassa, 18 þumlunga á hæð, þannig festan við ofninn, að eldurinn úr ofndyrnunum nái að falla í hann. Í slíku húsi skal ávallt vera 1 lagartunna full af vatni, og fötur. Af smíðaefni eða fullgjörðum smiðum úr trje, má eigi hafa meira í smíðahúsum þessum, en brunamálanefndin leyfir, eptir stærð og ásigkomulagi hússins, og skal það að jafnaði ekki vera meira en á þarf að halda til smíðar þeirrar, er verið er með.

Verkamenn skulu fara varlega með eld og ljós í smíðahúsum sínum, og gæta þess, að slökktur sje allur eldur og ljós, þá er vinnunni er hætt. Í járnsmiðjum eða stórum málmsmiðjum má eigi vera gólf úr trje eða nokkru efni, er brunnið getur. Afinn í slíkum smiðjum skal vera hlaðinn úr grjóti, og má eigi hafa neitt úr trje í honum eða í reykháfum. Að öðru leyti ákveður brunamálanefndin allt fyrirkomulag á eldstóm í smiðjum og reykháfum eptir stærð smiðjunnar og öðrum atvikum. Í smiðjum þeim, sem um er getið í þessari grein, má eigi hafa eld eður ljós fyr en brunamálanefndin hefir rannsakað allt fyrirkomulag smiðjunnar, og henni þykir það mega vera.

9. gr.

Ofnar í brauðgjörðarhúsum skulu vera 12¾ þumlungar á þykkt í minnsta lagi, ef þeir

116 eru úr brenndum steini, en úr íslenzku grjóti 16 þumlungar. Utan um ofna þessa skal
26. okt. vera manngengt, svo að eptir þeim verði litid á alla vegu, og má enginn hlutur úr trje
vera nær en 22 þumlunga frá ofninum, að þykkt hans meðtaldri. Um aðrar verksmiðjur,
sem um er rætt í 13. gr. laganna frá 15. oktbr. 1875, verður í hvert skipti, er slík hús
eru byggð, fyrir skipað það, er brunamálanefndinni þurfa þykir, eptir stærð og öðrum á-
stæðum.

10. gr.

Bæjarstjórnin sjer um útvegum á brunaskjólum þeim, er fylgja skulu hverri húseign,
á kostnað húseiganda.

Brunastiga og krókstjaka skulu húseigendur sjálfir útvega með ráði brunamálanefnd-
arinnar.

Til þess að brunastigar og brunastjakar verði eptir þörfum, ákvarðast lengd þeirra
þannig, eptir virðingarverði húsanna:

| | | |
|---------------------------------|-----------------|----------------|
| fyrir hús frá 10 til 15000 kr., | stigi 10 álna, | stjaki 7 álna; |
| — — — 15 - 20000 - | — 11 — | — 8 — |
| — — — 20 - 30000 - | — 12 — | — 9 — |
| — — — 30 - 50000 - | — 14 — | — 10 — |
| — — — 50000 kr. og þar yfir | — 16 og 18 áln. | stjaki 11 áln. |

Brunamálanefndin segir til, hvort áhöld þessi sjeu í lagi, og má bæta úr því, sem á
brestur, á kostnað húseiganda.

Áhöldum þeim, sem um er rætt í 15. gr., skulu húseigendur halda við, svo að þau
ætið sjeu í góðu og gildu standi, og skulu þau geymd á þeim stað, er brunamálanefndin
tiltekur við hvert hús. Áhöld þessi skulu vera útvegud fyrir lok júnímánaðar 1877.

11. gr.

Sjerhver húseigandi er skyldur að halda við húsum sínum, eldstóm og öðrum þess
konar gögnum, eins og fyrir er mælt í lögum 15. október 1875 og reglugjörð þessari. Má
engra breytingu á því gjöra, er rýri tryggingu gegn eldsvoða.

12. gr.

Þess, sem fyrir er mælt í lögum 15. október 1875 og reglugjörð þessari, ber eigi að
eins að gæta, þá er ný hús eru reist frá stofni, eða þá er tilhögun er breytt á eldri hús-
um, heldur og þá er partur af eldri húsum, eða eldsgögnum, sem í þeim eru, er byggð-
ur upp aptur eptir eldsvoða eður aðra eyðilegging.

13. gr.

Undan reglum þeim, sem settar eru hjer að framan, getur brunamálanefndin veitt
undanþágu, þá er um litla torfbæi er að ræða, sem ekki líggja nálægt öðrum byggingum,
en að öðru leyti má ekki veita neina undanþágu undan því, sem fyrir er mælt í reglu-
gjörð þessari, nema brunamálanefndin og bæjarstjórnin hafi á það fallizt og landshöfðingi
lagt á samþykki sitt.

Undanþágan verður því að eins veitt, að almenn trygging fyrir eldsvoða ekki minnki
við það, og sjerstaklegar ástæður gjöri það nauðsynlegt.

14. gr.

Gjöra skal ár hvert í októbermánuði skoðun á öllum byggingum í bænum, til að
rannsaka, hvort reykháfar og eldstór, smiðjur, braudgjörðarofnar og slökkvitól þau, er hverju
húsi eiga að fylgja, sjeu til og í viðunanlegu standi. Skoðun þessa gjörir slökkviliðsstjóri
ásamt sveitarhöfðingja slökkviliðsins.

Reynist nokkru ábótavant við skoðun þessa, skipar slökkviliðsstjóri eiganda eða þeim, er hlut á að máli, innan tiltekins tíma að ráða bót á því. Þá er fyrirvari sá, er hann gefur, er liðinn, skal því veitt eptirlit, hvort bætt hafi verið úr brestunum. Hafi það eigi verið gjört, eða slökkviliðsstjóri verði þess vís, að breytt hafi verið á móti brunamála-lögunum, skýrir hann lögreglustjóra frá því, svo að þeir, er hlut eiga að máli, sæti fyrir það ábyrgð. Skoðunargjörðina skal rita í bók, er bæjarsjóður kostar og lögreglustjóri löggildir. Í þá bók ritar og slökkviliðsstjóri skipun sína um að ráða bót á því, sem ábótavant hefir reynzt við skoðunina, og sömuleiðis getur hann þess þar, hvort skipuninni hafi verið hlýtt, og hvenær lögreglustjóra hafi verið send skýrsla um það. Það sem ritað er bók þessa á slökkviliðsstjóri og sveitarhöfðingi sá, er með honum hefir verið, að rita nöfn sín undir. Bók þessa hefir slökkviliðsstjóri í vörzlum sínum, en lögreglustjóri skal skoða hana einu sinni á ári.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 31. ágúst 1876.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. A. Thorsteinson. Ó. Ólafsson,
Einar Þórðarson. J. Steffensen. Jóh. Ólsen. H. Kr. Friðriksson.

Samkvæmt 16. gr. laga um brunamál í Reykjavík frá 15. október 1875 staðfestist framanrituð reglugjörð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík 26. október 1876.

Hilmar Finsen.

Auglýsing

um fjallvegi.

117
9. nóvbr.

Samkvæmt 2. gr. laganna um vegina á Íslandi frá 15. oktbr. f. á., og eptir að amtsráðin hafa tjáð mjer tillögur sínar, skal hjer með ákveðið, að fjallvegir skuli vera yfir neðanefndar heiðar og fjallgarða, milli landsfjórðunga eða sýslna:

1. Grímstungnaheiði og Kaldadal,
 2. Stórasand,
 3. Kjalhraun og Vatnahjalla,
 4. Sprengisand,
 5. Mývatnsöræfi og Dimmafjallgarð,
 6. Hallgilsstaðaheiði milli Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu,
 7. Vestdalsheiði milli Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu,
 8. Lónsheiði milli Suðurmúlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu,
 9. Mælifellssand milli Skaptafellssýslna og Rangárvallasýslu (Goðalands- eða Fjallabaksvegur),
 10. Grindaskörð
 11. Lágaskarð
 12. Hellisheiði
 13. Mosfellsheiði
- } milli Árnessýslu og Kjósar- og Gullbringusýslu.
14. Fyrir Ok milli Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu,
 15. Holtavörðuheiði milli Mýrasýslu og Strandasýslu,
 16. Bröttubrekku milli Mýrasýslu og Dalasýslu,
 17. Rauðamelsheiði milli Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

Hinn 30. nóvember 1876.